

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Sent í skipulagsgátt

Selfossi 9. febrúar 2026

Efni: Athugasemdir við Aðalskipulag Norðurlands, nr. 538/2023

Eftirfarandi eru athugasemdir Vínar íslenskrar náttúru (VÍN) við Aðalskipulag Norðurlands, nr. 538/2023. Fjallað er um einstaka kafla í skjalinu **Aðalskipulag Norðurlands 2025-2045 – Greinargerð** í þeirri röð sem þeir eru settir fram. Í viðhengi gerir VÍN einnig athugasemdir við fylgiritið **Norðurland – Flokkun landbúnaðarlands 2024**.

KAFLI 4 – KRÖFTUGT ATVINNULÍF

4.1 Atvinnulíf

Forsendur

Í loka setningu þessa undirkafla segir: „Í Norðurlandi eru þó nokkrar jarðir samningsbundnar Norðurlandsskógum“. Hér á væntanlega að standa Landi og skógi sem yfirtók landshluta skógræktarverkefnin frá og með 1. janúar 2024.

4.3 Landbúnaður og óbyggð svæði

Forsendur

Í umsögn VÍN í viðhengi um fylgiritið **Norðurland – Flokkun landbúnaðarlands 2024** er gerð athugasemd við að flokka allt land sveitarfélagsins með tilliti til hæfni þess til ræktunar. Nær hefði verið að taka fyrst frá allt land með takmarkanir á landnýtingu vegna þéttbýlis, samgangna, verndarsjónarmiða, friðlýsinga og margt fleira, og síðan að meta hæfni þess lands sem hugsanlega er hæft til ræktunar.

Stefna

Settir eru almennir skilmálar um að allar ákvarðanir um ráðstöfun landbúnaðarlands til uppbyggingar taki mið af stefnu um varðveislu landbúnaðarlands, vernduð svæði, líffræðilegan fjölbreytileika og menningarminjar.

Útfærsla í aðalskipulagi

Fagna má því að í stefnunni segir m.a. um almenna skilmála: „... að allar ákvarðanir um ráðstöfun landbúnaðarlands til uppbyggingar taki mið (af) stefnu um varðveislu landbúnaðarlands, vernduð svæði, líffræðilegan fjölbreytileika og menningarminjar“.

Í sama lið segir engu að síður „Besta ræktunarlandið skal fyrst og fremst nýtt til ræktunar og matvælaframleiðslu og uppbyggingu beint á bæjartorfur“.

Hér fer ekki saman mynd og hljóð ef svo má að orði komast. Þ.e. að þrátt fyrir að taka skuli t.d. tillit til líffræðilegrar fjölbreytni þá er hér gengið út frá því, án röksemda, að ræktun, eiginlega hver sem hún er, gangi framar öðrum verðmætum sem landið kann að hafa. Gott ræktarland er í raun lágmarks skilgreining á landi þ.e. að á viðkomandi landi eru miklar líkur á að gróður geti vaxið betur en annarsstaðar. Þetta sama land getur haft önnur mikilvæg/mikilvægari verðmæti t.d. tengd líffræðilegri fjölbreytni. Sveitarfélagið Norðurland hefur því miður sýnt það með afgerandi hætti, t.d. í tengslum við ræktun skóga með framandi og jafnvel ágengum tegundum,

að sveitarfélagið virðist ekki passa nógu vel upp á vernd svæða sem hafa að geyma mikilvægt lífríki sbr. skógrækt í Saltvík og á Þverá. VÍN telur að meta þurfi hvert land sérstaklega, m.t.t. **allra** þátta áður en ákvarðanir eru teknar um nýtingu þess.

VÍN telur það í engu samræmi við lög um náttúruvernd eða stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun að slá því fram án röksemda að besta ræktunarlandið eigi að nýta til óskilgreindrar og jafnvel ónauðsynlegrar ræktunar, þ.m.t. skógræktar.

Á það skal bent að það er alþekkt staðreynd bæði í Evrópu og öðrum heimsálfum að einræktun, þ.m.t. í skógrækt, ásamt notkun ákveðinna véla og efna er að eyðileggja og raska verulega líffræðilegri fjölbreytni staðbundið og á heimsvísu. Þó matvælaframleiðsla sé auðvitað mikilvæg þá er ekki sama hvernig að henni er staðið eða hvaða land er nýtt. Norðurþingi ber því að endurskoða framangreinda stefnu að mati VÍN.

4.4 Skógrækt og landgræðsla

Forsendur

Í lok fyrstu málsgreinar segir: „Í Landi og lífi, landgræðsluáætlun og landsáætlun um skógrækt eru gæðaviðmið fyrir vali á landi til skógræktar m.t.t. náttúruverndar, minjaverndar og landslags“. Þar sem stjórn VÍN telur þetta vera orðum aukið varðandi gæðaviðmiðin er brýnt að þarna komi tengill með tilvísun til blaðsíðutals til að unnt sé að staðreyna þessa fullyrðingu.

Ásláttarvilla er í lok næst neðstu línu í fremra dálki – lítið s í Skógræktarfélagi Reykhverfinga. Í aftari dálki er í lok þriðju línu aftur getið um Norðurlandsskóga, sem eru nú innan vébanda Lands og skógar.

Í upphafi 2. málsgreinar í aftari dálki er óröktuð fullyrðing um að áhugi sé fyrir því hjá jarðeigendum að nýta hluta jarða sinna til skógræktar. Færa þarf fullgild rök fyrir þessari fullyrðingu. Í næstu setningu er ofsagt að nú séu að opnast möguleikar til að selja kolefnisbindingu nýskógræktar. Staðreyndin er sú að engar söluhæfar alþjóðlega vottaðra kolefniseininga eru á innlendum markaði, aðallega vegna þess hve illa er staðið að vottunarferlunum. Dæmi um slíkt er skógræktin í Saltvík á vegum Yggdrasils Carbon. Grunn forsenda þess að unnt væri að staðfesta vottun kolefniseininga frá þeirri skógrækt væri að mæla bindingu eða losun kolefnis á gróðursetta svæðinu áður en hafist er handa við verkefnið. Síðan að mæla losun sem varð við grófa jarðvinnslu svæðisins og síðan að mæla hvenær hinar gróðursettu plöntur væru búnar að binda meira en landið var að binda í upphafi að frádreginni losuninni vegna jarðvinnslu. Þá fyrst væri unnt að tala um viðbótar kolefniseiningar sem er eina söluvaran. Engar mælingar fóru fram í upphafi né eftir jarðvinnsluna. Virtar vottunarstofur munu aldrei staðfesta kolefniseiningar með svona vinnubrögðum og sveitarfélagið mun því aldrei fá hluta af væntanlegum kolefniseiningar sem Yggdrasill Carbon hét því í aðdraganda náttúruspjalla með skógrækt í Saltvík.



Víti til varnaðar. Í landi sveitarfélags Norðurbings í Saltvík var verðmætu berjaland, ríku af líffræðilegri fjölbreytni, raskað að því er virðist til þess eins að breyta því í nær gróðursnauðan skógarsvörð.



Árangurinn af gróðursetningu framandi ágengra tegunda í ríkt land af líffræðilegri fjölbreytni. Ljós m. Sigurður H. Magnússon.

Á þverá var nær einstökum fornminjum, bæði löggörðum frá Þjóðveldisöld og ævafornum húsatóftum, ógnað með gróðursetningu framandi ágengra tegunda, eins og stafafuru, alltof nálægt þeim. Brýnt er að í aðalskipulagi verði sett skýr ákvæði er banna slíkar framkvæmdir.

Í forsendukafla segir m.a.

„Áhugi er fyrir því hjá jarðeigendum að nýta hluta jarða sinna til skógræktar. Til viðbótar við hvata til að rækta landið og græða, þá eru nú að opnast möguleikar til að selja kolefnisbindingu nýskógræktar. Skógrækt á slíkum grunni er líkleg til að styðja við stefnu sveitarfélagsins um að efla búsetu í dreifbýli þar sem hún felur í sér atvinnusköpun í dreifbýli við gróðursetningu og mögulega nýtingu viðar síðar, auk umhirðu skóga á vaxtartíma þeirra“.

„Fyrir liggja samningar um skógrækt og landgræðslu við endurskoðun aðalskipulagsins og eru þau svæði sett inn á skipulagsuppdrátt út frá kortlagningu landgræðslu- og skógaræktarsvæða frá Landi og skógi. Nákvæmni þessara gagna er óviss. Við kynningu vinnslutillögu væri gagnlegt að fá ítarlegri upplýsingar um afmörkun þessara svæða og landnotkun innan þeirra“.

Framangreind umfjöllun er mjög losaraleg um m.a. óskilgreinda möguleika í t.d. kolefnisbindingu nýskógræktar og atvinnusköpun og án þess að nokkur heildstæð stefna sé fyrir hendi um áreiðanleika kolefnisbindingar eða vottunar hennar á faglegum vísindalegum grunni. Ennfremur vantar í forsendukaflann undir þessum málsgreinum umfjöllun um áhrif skógræktar á líffræðilega fjölbreytni og aðra náttúrufars- og menningarþætti.

Jafnframt kemur fram að setja á inn landgræðslu- og skógræktarsvæði þar sem vitað er að nákvæmni gagna er óviss og svo segir að gagnlegt væri að fá ítarlegri upplýsingar um afmörkun svæðanna og landnotkun innan þeirra við kynningu á vinnslutillögu.

VÍN spyr hvort það sé sæmandi sveitarfélagi að vera að óska eftir ítarlegri gögnum í greinargerð með aðalskipulagi Norðurlands vegna kynningar á vinnslutillögu sem á eftir að kynna. Það gilda ákveðin lög og reglur í landinu og skógræktaraðilum ber að fylgja þeim hvort sem um er að ræða félagasamtök, einkafyrirtæki eða stofnanir ríkisins. Norðurland ber því að standa vörð um eðlilega stjórnsýslu um veitingu leyfa í samræmi við lög og reglur s.s. lög um náttúruvernd og umhverfismat og alþjóðasamninga á sviði náttúruverndar en ekki vísa til vinnslutillagna. Eðlilegra væri að viðkomandi framkvæmdaaðilar óski eftir breytingu á aðalskipulagi þegar afmörkun svæða liggur fyrir.

Í forsendukaflanum er minnst á lágmarkskröfur varðandi framandi tegundir þar sem segir: „Ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á svæðum með vistgerðum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó í samræmi við 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda“. Hins vegar er ekkert fjallað um aðrar greinar í lögum um náttúruvernd sem geta átt við þegar meta á hvort heimila eigi t.d. skógrækt á ákveðnum svæðum. Má þar nefna 2. gr. laganna um Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. Einnig má nefna greinar um dreifingu framandi tegunda þ.m.t. ágengra tegunda o.s.frv. Ekki er minnst á alþjóðasamninga um náttúruvernd í forsendukaflanum. VÍN telur það ámælisvert af Norðurlandi að í forsendukafla fyrir landgræðslu og skógrækt árið 2026 sé ekki fjallað um ábyrgð framkvæmdaraðila og í hvaða umhverfi þeir eru að vinna þar sem t.d. skógræktarsvæði geta verið gríðarlega stór og haft mikil áhrif á náttúru landsins. Í forsendukafla er ekki heldur fjallað um ábyrgð skógræktaraðila t.d. í tengslum við sjálfsáningu trjáplantna út fyrir samþykkt skógræktarsvæði og jafnvel inn á lönd annarra.

Í forsendukaflanum er engin almenn umfjöllun um endurheimt náttúrulegra vistkerfa nema að fjallað er um vernd birkiskóga. Komið er inn á endurheimt náttúrulegra vistkerfa í stefnu sveitarfélagsins en grunnforsendur eru alltof veikar. Eitt af aðal verkefnum Lands og skógar er

einmitt endurheimt náttúrulegra vistkerfa og á það við um margt fleira en birkiskóga. Um þetta vantar ítarlegri umfjöllun í greinargerðina.

Í lok þessa undirkafla segir: „...og er vilji til þess að viðhalda þeim og ...“. Kveða verður fastara að orði og segja sannleikann um að náttúrulegir birkiskógar njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd.

Stefna

Í upphafi þessa undirkafla segir: „Skógrækt miði einkum að því að græða land, hefta sandfok, bæta landgæði, binda kolefni, mynda skjól og bæta útivistaraðstöðu“. VÍN leggur til að orðið sandfok falli út. Engin tré sem þrífast hér á landi þola sandfok sem á að hefta. Gamall íslenskur víðir þolir sandfok en alls ekki í upphafi aðgerða við að hefta sandfok. Fyrir því er áratuga reynsla Sandgræðslunnar og Landgræðslunnar, nú Lands og skógar.

Hér er fjallað um almenna stefnu um skógrækt. Stefnan sem slík segir ekki mikið um hina eiginlegu framkvæmd. Land og skógur hefur t.d. skyldur sem ríkisstofnun til að græða upp land en stærstur hluti skógræktar einkaaðila í Norðurþingi fer fram í þegar grónu landi sem í raun er engin þörf á að græða upp. Sveitarfélagið þarf að mynda sér stefnu um það hvenær er verið að fjalla um landgræðslu og hvenær um skógrækt og hver stefnan sé annars vegar m.t.t sérhagsmuna einkaaðila og svo hins vegar verkefni sem nota almannafé t.d. til uppgræðslu.

Í stefnunni segir: „Skógræktarsvæði sem eru 50 ha og stærri skulu afmörkuð á skipulags uppdætti. Ný svæði 50 ha og stærri kalla á breytingu á aðalskipulagi“.

VÍN spyr hvort þessi stefna sé í samræmi við lög? VÍN bendir m.a. á að nú er til umfjöllunar á Alþingi lagabreytingar sem m.a. gera ráð fyrir að skógrækt 50 ha eða stærri fari í umhverfismat. Getur sveitarfélagið sagt með vissu að ekki sé þörf að að skipuleggja svæði sem eru minna en 50 ha eða er 50 ha einhver töfrastærð sem skilgreinir hvað skógræktin hefur áhrif á og hvað ekki. Þetta er óþroskuð nálgun. Í skipulagslögum 12. gr. segir í 1. mgr.: „Skipulagsskylda nær til lands og hafs innan marka sveitarfélaga. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásjúnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir“. Hér skal sérstaklega bent á „... og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásjúnd þess **skulu vera** í samræmi við skipulagsáætlanir“.

Er sveitarfélagið hér með að ákveða að skógrækt undir 50 ha hafi engin áhrif á umhverfið? VÍN hafnar því að Norðurþingi geti tekið slíka ákvörðun eða sett sem stefnu. Í sömu grein skipulagslaga segir jafnframt „Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.“ Og í þessu samhengi er vert að benda á að skipulagsáætlanir þurfa að taka tillit til ýmissa sérлага s.s. laga um náttúruvernd.

50 ha er stærð sem svipar til um 70 fótboltavalla 0,71 ha að stærð. Það segir sig sjálft að notkun t.d. framandi og jafnvel ágengra tegunda á slíku svæði er ekki smámál. Jafnframt skal bent á ákvæði í lögum um umhverfismat, 1. viðauka laganna, en þar segir „Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til 20 ha svæðis eða stærra eru tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu“.

Ennfremur segir í stefnunni: „Stuðla skal að gróðurvernd og landgræðslu og að landnýting sé í samræmi við landgæði og ástand lands“. Og: „Skógrækt og landgræðsla skal taka mið af náttúrufari og einkennum landslags, líffræðilegri fjölbreytni, menningarminjum og náttúruvæ“.

VÍN styður þessa stefnu en bendir á að hún er marklaus ef sveitarfélagið telur að t.d. skógrækt í Saltvík hafi tekið mið af líffræðilegri fjölbreytni. Orðalag af þessu tagi án raunverulegs mats á áhrifum framkvæmda segir því ekki mikið.

Í stefnunni segir: „Við skipulag skógræktar skal hugað að því að vernda landslag og ásýnd svæða sem hafa verndargildi. Skógrækt, önnur en ræktun skjólbelta, skal ekki heimiluð á svæðum sem falla undir flokk I í flokkun landbúnaðarlands. Leitast skal við að beina skógrækt, annarri en ræktun skjólbelta, annað en á svæði í flokki II í flokkun landbúnaðarlands og votlendissvæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga“.

VÍN tekur eftir því að í þessari stefnu er reynt að koma til móts við náttúruvernd. Stefnan verður hins vegar mjög hjáróma þegar orðanotkun er skoðuð nánar. T.d. segir að við skógrækt skuli **hugað að því** að vernda landslag o.s.frv. VÍN spyr að því hvort lög um náttúruvernd gildi í Norðurþingi eða ekki? Getur skógræktarfolk bara sest niður og hugað svolítið að þessum málum og svo ákveðið hvað náttúru Íslands er fyrir bestu? Einnig er hér orðanotkunin að „**leitast skuli við að beina skógrækt annað en t.d. á svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd**“ . Það stendur skýrum stöfum í lögum um náttúruvernd að forðast skuli að raska svæðum skv. 61. gr.

Slíkt þarf að rökstyðja af hálfu leyfisveitanda, t.d. sveitarfélagsins, ef t.d. gengið er gegn umsögnum skv. greininni. Jafnframt er **minnt á skyldu um skipulag skv. 61. gr.** sem skoða þarf sérstaklega m.a. miðað við stefnu sveitarfélagsins um að ekki þurfi að skipuleggja 50 ha skógræktar og minni svæði.

Í stefnunni segir: „*Leggja ber áherslu á gróðursetningu innlendra trjátegunda, birkis, reynis og víðis. Öll ræktun erlendra tegunda er óheimil á svæðum með vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og alls staðar ofan 400 m hæðar yfir sjó*“.

VÍN tekur undir þessa stefnu en bendir á að náttúruverndarlög gilda ekki bara á framangreindum svæðum. Orðanotkunin „*njóta sérstakrar vernda*“ er auk þess vafasöm þar sem hún vísar til 61. greinar laga um náttúruverndar, sem fjallar um sérstaka vernd, en ekki beint til friðlýstra svæða. Notkun framandi tegunda er ekki heimil á friðlýstum svæðum og dreifing framandi tegunda er heldur ekki heimil án undangenginnar leyfisveitinga skv. lögum um náttúruvernd auk þess sem almenn ákvæði um vernd náttúrunnar geta einnig átt við. VÍN virðist sem Norðurþing bæði hér undir þessum lið og öðrum reyni að þrengja að náttúruvernd, þar undir vernd líffræðilegrar fjölbreytni, til að hygla skógrækt og öðrum framkvæmdum eins og mögulegt er á kostnað náttúrunnar. Félagið hvetur sveitarfélagið til að bæta úr þessu og taka náttúruvernd alvarlega enda hefur vísindasamfélagið kallað eftir því í dágóðan tíma og stjórnvöld um allan heim eru að taka við sér í ljósi þeirra afleiðinga sem aðgerðir mannsins hafa haft á lífríki jarðar,

Í stefnunni segir: „*Forðast skal að raska birkiskógi og unnið verði að endurheimt og útbreiðslu náttúrulegs birkiskógar þar sem unnt er. Við endurheimt verði lögð áhersla á stór, samfelld svæði. Leitast verði við að nota íslenskt birki við skógrækt, a.m.k. við skógarjaðra*“.

Enn og aftur bendir VÍN á orðanotkun sveitarfélagsins. Í það minnsta gæti sveitarfélagið sagt *Forðast skal að raska birkiskógi* **nema brýna nauðsyn beri til**. VÍN spyr einnig að því hvers vegna eigi ekki að nota íslenskt birki alfarið og hvort þessi jaðarsetning íslensks birkis sé bæði hugmyndafræðileg og byggð á einhverjum náttúrufræðilegum rökum og rannsóknum. VÍN bendir á að vernd líffræðilegrar fjölbreytni nær til verndar á erfðabreytileika innan tegunda þ.m.t. birkis.

Í stefnunni segir: „*Landgræðsla er m.a. heimil á landbúnaðarlandi og á óbyggðum svæðum. Skógrækt, önnur en nytjaskógrækt er einnig heimil á óbyggðum svæðum, ef skógræktarsvæðið er undir 50 ha*“.

Að mati VÍN er það algjörlega óásættanleg stefna og í engu samræmi við lög og reglur að gefa opna heimild á skógrækt og landgræðslu undir 50 ha án takmarkana. Sjá fyrir athugasemdir.

Í stefnunni segir: „Skipulag og plöntun miði að því að fella skóg að landlínunum og ríkjandi formum í landslaginu. Þannig sé skógræktin teygð upp eftir lægðum og giljum en dregin niður fyrir ása og hryggi eða leitast við að skapa líkt mynstur og er í náttúrulegri gróðurpekju landsins. Forðast skal að planta í beinar línur þvert á hæðarlínur“.

Enn neðar í þessum undirkafla segir: „Við skipulag skógræktar skal hugað að því að vernda landslag og ásynd svæða sem hafa verndargildi“. VÍN leggur til að setningin verði: Við skipulag skógræktar skal ávallt gætt að því að vernda landslag og ásynd svæða. **Það er fráleitt að stefnan taki bara til verndarsvæða en ekki til allra gróðursetningasvæða.**

VÍN leggur til að næsta setning verði eftirfarandi: Skógrækt, önnur en ræktun skjólbelta, skal ekki heimiluð á svæðum sem falla undir flokka I og II í flokkun landbúnaðarlands. Næsta setning sem hefst á „Leitast skal við að beina o.s.frv. ...“ falli öll út. Og segja: Óheimilt er að gróðursetja tré í votlendissvæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Síðar í umsögninni verður víkið að því hve brýnt það er að tryggja a.m.k. 150 m fjarlægð frá votlendissvæðum þegar verið er að gróðursetja framandi ágengar tegundir eins og stafafuru.

Rétt efst í aftari dálki segir: „Forðast skal að raska birkiskógi ...“. Þarna verður að segja sannleikan umbúðalaust. Óheimilt er að raska birkiskógi skv. lögum um náttúruvernd.

Neðsta heila setningin í þessum dálki segir: „Sérstaklega þarf að gæta að framandi ágengar tegundir berist ekki inn í Vatnajökulspjóðgarð og valdi skaða á fjölbreyttu gróðurfari hans“. VÍN leggur til að þessi setning verði felld út og í hennar stað komi: Framkvæmdaaðilar sem gróðursetja framandi ágengar tegundir skulu bera alla ábyrgð á upprætingu og fjarlægingu þeirra ef þær sá sér inn í Vatnajökulspjóðgarð eða valda skaða á líffræðilegri fjölbreytni annarra aðliggjandi svæða.

Í síðustu mgr. stefnunnar á bls. 39 segir: „Við uppgræðslu lands skal þess gætt að hún falli sem best að heildar svipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Áhersla verði aukin á notkun íslenskra gróðurtegunda við landgræðslu og lögð áhersla á að styrkja innlendan gróður og þar með endurheimt náttúrulegra vistkerfa. Gætt verði að því að ágengar tegundir kaffæri ekki íslenskan gróður. Sérstaklega þarf að gæta þess að framandi ágengar tegundir berist ekki inn í Vatnajökulspjóðgarð og valdi skaða á fjölbreyttu gróðurfari hans. Norðurþing mun beita sér fyrir því að unnar verði landgræðslu áætlanir fyrir hvert svæði þar sem gerð verður grein fyrir markmiðum og áherslum landgræðslu á viðkomandi svæði“.

VÍN tekur undir framangreind sjónarmið en verður enn og aftur að gera athugasemd við orðanotkun. Að gæta að er ekki það sama og að landgræðslu- og skógræktaraðilum beri skylda til og ábyrgð á að framandi tegundir kaffæri ekki íslenskan gróður né berist inn í Vatnajökulspjóðgarð. Að bera ábyrgð á þýðir þá að ef framandi tegundir berast út fyrir þau svæði sem um ræðir og heimilt er að nota þær, þá skuli og verði landgræðslu- og skógræktaraðilar að uppræta tegundirnar á eigin kostnað. Um þetta þarf að gera samninga en ekki styðjast við máttlausan orðaleik í stefnuýfirlýsingum.

KAFLI 6 – UMHVERFI

6.2 Verndun

Í þessum kafla er í nokkrum tilvikum farið rangt með nafn Náttúrufræðistofnunar og hún ranglega nefnd Náttúrufræðistofnun Íslands. Þetta verður að leiðrétta.

Forsendur

Í þessum kafla segir: „Við þá stefnumótun var annars vegar litið til fyrirliggjandi upplýsinga um líffræðilega fjölbreytni, landslag, menningarminjar og viðerni og hins vegar til stefnu stjórnvalda og alþjóðlegra skuldbindinga um náttúruverndarmál“.

VÍN tekur undir þessi sjónarmið. Þeirra gætir hins vegar afar takmarkað og alls ekki með þeim hætti að VÍN telji að stefna Norðurbings í t.d. kafla 4.3 og 4.4 beri þess merki. Sjá athugasemdir við hlutaðeigandi kafla.

Stjórn VÍN skorar á sveitarstjórn Norðurbings að friðlýsa nú þegar þau víðerni í sveitarfélaginu sem sátt næst um eins og heimilt er skv. 46. grein laga um náttúruvernd. Ennfremur að setja í aðalskipulag það sem nú er til umfjöllunar skýr ákvæði um að ljúka friðlýsingu víðerna svo fljótt sem verða má.

Stefna

Í lok fyrstu málgreinar segir: „*Forgangsröðun svæða til friðunar og friðun þeirra er unnin í samstafi við Umhverfisstofnun*“. Þetta þarf að leiðrétta og segja *Náttúruverndarstofnun*.

Í annarri málsgrein segir: „*Í samræmi við 61. gr. Laga um náttúruvernd skal forðast að raska eftirtöldum vistkerfum og jarðminjum*“. Sveitarstjórn verður að kveða fastar að orði en hér er gert. X. kafli fyrrnefndar greinar í lögum um náttúruvernd heitir: *Sérstök vernd tiltekinnna vistkerfa, jarðmyndana o.fl.* Lagt er til að setningin verði því: „*Samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd skal forðast að raska meðal annars eftirtöldum vistkerfum og jarðminjum, nema brýna nauðsyn beri til*“. Bent er á eftirfarandi ákvæði þessara laga: „*Ákveði leyfisveitandi að heimila framkvæmd skal hann rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega fari hún í bága við umsagnir umsagnaraðila. Heimilt er að binda leyfi skilyrðum sem þykja nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun*“.

Í stefnu undir kafla 6.2 segir á bls. 54 segir: „*Forðast skal að raska ósnortnum víðernum í Norðurbingi með því að reisa þar mannvirki. Draga skal úr umhverfisáhrifum mannvirkja þannig að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun*“. VÍN leggur til að hér standi: *Ekki skal raska óbyggðum víðernum (rétt heiti skv. núgildandi lögum) í Norðurbingi nema brýna nauðsyn beri til*. Sleppa síðan seinni setningunni þar sem hún ætti að vera óþörf því það liggur í hlutarins eðli að ef leyfa á framkvæmdir/mannvirki innan óbyggðra víðerna þá þurfa framkvæmdirnar/mannvirkin að taka mið af umliggjandi náttúru/víðerni. VÍN vill einnig benda á að hugtakið að raska óbyggðum víðernum nær yfir allar framkvæmdir eða aðgerðir, þ.m.t. skógrækt, sem raska náttúrulegu ástandi svæðisins/víðernisins og eða möguleikum íslenskrar náttúru til þess að þróast á eigin forsendum.

Friðlýst svæði

Í þessum kafla um *Friðlýst svæði gegn orkuvinnslu* segir: „*Innan Norðurbings er Gjástykki friðlýst gegn orkuvinnslu en Jökulsá á Fjöllum var vernduð gegn orkuvinnslu, en með dómi hæstaréttar nr. 36/2023 féll friðlýsingin úr gildi*“. VÍN telur að hér skuli bæta við að Jökulsá á Fjöllum er enn í verndarflokki þrátt fyrir þessa niðurstöðu.

Hverfisvernd

Í þessum undirkafla á bls. 53 segir: „*Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsabyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða*“.

Vissulega er hverfisvernd ekki lögformleg friðun skv. lögum um náttúruvernd. Hverfisvernd er engu að síður lögformleg vernd í eðli sínu þar sem hún byggir á skipulagslögum. Þetta ber ekki að vanmeta og ekki við hæfi að dregið sé úr gildi hverfisverndar þó sveitarfélagi geti breytt henni; þó ekki án þess að uppfylla ákveðin lögbundin ferli.

6.4 Orka

Forsendur

Nýting fallvatna

Í síðustu málsgrein þessa undirkafla segir: „Áhugi er á því að landeigendur geti virkjað vatnsafl í smáum stíl á jörðum sínum“. VÍN telur að hér verði að kveða skýrar á um hvað orðalagið í smáum stíl merkir. Og leggur til að setningin verði: *Áhugi er á því að landeigendur geti virkjað vatnsafl að hámarki 200 kW á jörðum sínum.*

Jarðhiti

Í síðustu málsgrein þessa undirkafla segir: „Þar voru boraðar tvær holur fyrir mörgum árum síðan og voru þær að gefa ágætlega, en eru ekki nýttar“. Það er ástæðulaust að gylla árangurinn af þessum borunum. Er ekki ástæðan fyrir því að ekki hefur verið farið í frekari rannsóknir þarna sú að holurnar voru ekki að „gefa ágætlega“?

Vindorka

Á bls. 60 segir: „Sveitarfélagið vill huga að því að nýta vindorku til að stuðla að orkuöryggi í því skyni eru vindorkuver sem hafa vinnuheitin Reyðarárgarður og Hnotasteinn sett inn á aðalskipulag og afmörkuð á uppdrætti sem iðnaðarsvæði“. VÍN gerir alvarlega athugasemd við að hluti víðerna sveitarfélagsins skuli skilgreindur sem iðnaðarsvæði á þessu stigi mála. Eðlilegt væri að viðkomandi framkvæmdaraðilar óski eftir breytingu á aðalskipulagi þegar og ef hugmyndir þeirra komast á það stig. **VÍN krefst því að þessi skilgreining viðkomandi svæða verði dregin til baka.**

Auk þess segir hin stutta umfjöllun um þessa tvo virkjunarkosti allt sem segja þarf um þessa tilteknu virkjanakosti. Þeir eru óásættanlegir vegna náttúruspjalla og skaða á víðernum sem er ein dýrmætasta landgerð landsmanna. Þeir myndu væntanlega aldrei skila neinum arði til sveitarfélagsins og líklegt að sveitarfélagið bæri allan kostnað af förgun þeirra þegar vindtúrbínur verða orðnar ónýttar að tuttugu árum liðnum eða svo, vegna þess að þá finnst enginn eigandi. Víða erlendis hefur komið í ljós að erfitt hefur verið að finna ábyrga eigendur að vindorkuverum sem eru úr sér gengin og skila ekki lengur hagnaði til eigenda og eignarhaldið er dreift og hlutafélög jafnvel farin í þrot. Það er því með öllu óásættanlegt að fórna dýrmætri náttúru með slíkum hætti. VÍN vill ganga enn lengra og segja að í ljósi þeirrar einstöku náttúru sem er ríkjandi í sveitarfélaginu verður ekki séð að nýting vindorku geti nokkurs staðar verið í sátt við landslag og aðra einstaklega fjölbreytta náttúru sveitarfélagsins.

Stefna

Fyrsta setningin segir allt sem segja þarf um fyrrnefnd vindorkuver. „Nýting auðlinda sé í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun, í sem mestri sátt við umhverfið og hafi sem minnst óafturkræf áhrif“. Hvorugur þessara virkjunarkosta stenst kröfu um sjálfbæra þróun. Það eru einnig afar skiptar skoðanir í sveitarfélaginu og vindorkuverin yrðu í engri sátt við umhverfið og áhrif þessara vindorkuvera yrðu fullkomlega óafturkræf.

Þriðja málsgreinin tekur af öll tvímæli um að gerlegt sé að reisa þarna risastór orkuver sem uppfylla ákvæði þeirrar stefnu sem þar er lýst.

6.7 Landslag og náttúrufar

Forsendur

Varðandi seinni málsgreinina er brýnt að tilgreina útgefna stefnu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis frá 6. janúar sl. um líffræðilega fjölbreytni, [Líffræðileg fjölbreytni – Stefna og markmið til ársins 2030](#). Ennfremur að skýri nákvæmlega frá því hvort að stefna sveitarfélagsins uppfylli þær kröfur sem þar eru lagðar fram af stjórnvöldum.

Stefna

Í þriðju málsgrein í aftari dálki á bls. 64 er fjallað um endurheimt náttúrulegs birkiskógar og þar segir: „*Forðast skal að raska birkiskógi og unnið verði að endurheimt náttúrulegs birkiskógar þar sem unnt er. Við endurheimtina verði lögð áhersla á stór, samfelld svæði. Leitast verði við að nota íslenskt birki við skógrækt, a.m.k. við skógarjaðra*“. VÍN leggur til að tvær seinni setningarnar verða felldar út. Miðað við slæmt ástand gróðurs og jarðvegs í sveitarfélaginu er brýnast að endurheimtin sé sem allra víðast og því engin ástæða til að gera kröfu um stór samfelld svæði. Síðasta setningin er fráleit þegar verið er að fjalla um endurheimt náttúrulegra birkiskóga, það er engu líkara en hér sé verið að leggja til að við endurheimt birkiskóga megi nota aðrar trjátegundir en íslenskt birki inn í skóginum en notast við íslenska birkið á skógarjörðum! Samkvæmt öllum hlutaðeigandi lögum og alþjóða samningum felst endurheimt náttúrulegra vistkerfa í því að vernda náttúrulegt lífríki og þróun þess en ekki að bæta við t.d. framandi tegundum eftir hentugleika einhverra óskilgreindra hagsmunaaðila.

Útfærsla í skipulagi

Á bls. 64 segir: „*Þau svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegrar fjölbreytni eða landslags og eru jafnframt talin verðmæt á svæðis-, lands- eða heimsvísu, hafa verið skilgreind sem hverfisverndarsvæði*“. Hér er því slegið föstu að Norðurþing hafi hverfisverndað öll svæði sem eru talin mikilvæg vegna verndar á líffræðilegri fjölbreytni. Flestum sem til þekkja má vera ljóst að slík svæði hafi alls ekki verið flokkuð og skilgreind enn sem komið er. Þetta verður að leiðrétta.

KAFLI 7 – LANDNOTKUN OG SKILMÁLAR

7.10 Landbúnaðarsvæði L

Almennir skilmálar

Í annarri málsgrein segir: „*Leitast skal við að raska ekki óröskuðu votlendi ...*“. VÍN leggur til að þar sem óraskað votlendi nýtur alls staðar verndar verði setningin: *Óheimilt er raska óröskuðu votlendi*. Ennfremur að: *Framandi ágengar tegundir verði ekki gróðursettar nær óröskuðu votlendi en 150 m. Framkvæmdaaðilar bera alla ábyrgð á vöktun og upprætingu ágengra tegunda frá skógrækt á þeirra vegum*. Hafa verður í huga að fræ stafafuru trjáa geta dreifst miklu lengra frá frægjafa en 150 m, en yfirleitt ekki í miklum mæli. Megin þungi fræjanna dreifist innan þessarar vegalengdar og gefur framkvæmdaaðilanum svigrúm til að bregðast við og fjarlægja sjálfsánu trén.

Sjötta málsgrein hefst á: „*Heimilt er að gera ráð fyrir fyrir mannvirkjum og framkvæmdum sem tengjast landbúnaðarnotum, þar með talin skógrækt upp að 50 ha*“. Þessi hámarkstala skógræktar er ásættanleg hvað varðar endurheimt birkiskóga, en er allt of há hvað varðar nytjaskógrækt með framandi ágengum tegundum eins og stafafuru. Með vísun til næstu setningar er afar brýnt að þarna komi inn ákvæði um að í þeim tilvikum sem gróðursettar eru framandi ágengar tegundir skuli framkvæmdaaðili vera skuldbundinn til að fjarlægja og farga þeim trjáplöntum sem sá sér út fyrir skógarmörk og ógni líffræðilegri fjölbreytni, menningarminjum, sérstæðum jarðmyndunum, mikilvægum vistgerðum og votlendi.

Í sjöundu málsgrein er einnig fjallað um skógrækt. Lagt er til að fyrsta setningin þar falli út þar sem næsta setning er endurtekning á henni með viðbótarákvæðum. VÍN leggur til að önnur setningin sem þarna er verði: *Skógrækt, önnur en ræktun skjólbelta, er ekki heimiluð á svæðum sem falla undir flokka I og II í flokkun landbúnaðarlands*. Næsta setning sem byrjar á „*Leitast skal við að beina skógrækt ...*“ falli út.

Varðandi fyrstu inndregnu setninguna „Skógrækt allt að 10 ha er ekki háð samþykki sveitarfélags ...“ er brýnt að henni fylgi ákvæði um að framkvæmdaaðilar sem gróðursetja framandi ágengar tegundir skuli vera ábyrgir fyrir að uppræta og fjarlægja allar trjáplöntur sem sá sér út fyrir ákveðin skógarmörk.

Í annarri inndregnu málsgreininni kemur fyrir nýtt hugtak, það er *framkvæmdaheimild*, sem ekki er að finna í skipulagslögum. Það er því skýlaus krafa stjórnar VÍN, að þetta nýja hugtak sveitarstjórnar Norðurþings, sem á sér enga lagastoð, verði fjarlægt úr þessum drögum að aðalskipulagi sveitarfélagsins. Nægir þar að nefna hugsanleg málaferli sem vel gætu hafist vegna óbilgjarnar jarðvinnslu og nytjaskógræktar sem byggð væri á þessu hugtaki sem fyrirfinnst ekki í lögum.

Hér er lögð áhersla á að öll skógrækt á stærðarbilinu 10-50 ha skuli háð framkvæmdaleyfi. Fyrsta setningin verði: *Skógrækt 10-50 ha er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins*. Þriðja setningin er byrjar á „*Samþykki sveitarfélags ...*“: verði óbreytt. Einnig er brýnt að henni fylgi ákvæði um að framkvæmdaaðilar sem gróðursetja framandi ágengar tegundir skuli vera ábyrgir fyrir að uppræta og fjarlægja allar trjáplöntur sem sá sér út fyrir ákveðin skógarmörk.

Í þriðju inndregnu setningunni er vísað í lok hennar til almennra skilmála um skógræktarsvæði yfir 50 ha. Þá skilmála er ekki að finna í þessum undirkafla, *Almennir skilmálar*. Þetta þarf að lagfæra.

Taflan **Sérskilmálar** er villandi því þar er fyrst og fremst verið að fjalla um skilmála fyrir flokkað landbúnaðarland, með dálki fyrir heiti mismunandi flokka. En síðan koma neðst í töflunni tveir landflokkar, annars vegar með sérheitinu Þverá og hins vegar samsafn jarða á Hólsfjöllum. Það fer illa að hafa þessa tvo flokka með umfjöllun um flokka landbúnaðarlands. Þetta er óskýrt fyrir lesendur og veldur ruglingi.

7.13 Óbyggð svæði ÓB

Almennir skilmálar

VÍN leggur til að síðasta setning þessa undirkafla verði: *Heimilt er að fenginni umsögn og verklýsingu Lands og skógar að gera bakkavarnir til varnar landbroti*. Það er afar mikils um vert að landeigendum sé ekki heimilt að fara í framkvæmdir við varnargarða og fyrirhleðslur, nema samkvæmt verklýsingu Lands og skógar. Mörg dæmi eru um að einstaka landeigendur hafa farið í varnaraðgerðir og notað til þess alls konar gamalt drasl, vélahluti, heyrúllur í plasti o.fl. sem hæfir ekki vatnsföllum ýmissa hluta vegna m.a. vegna þess að draslið getur flotið niður eftir vatnsföllum á land annarra. Fyrirhleðslur og varnargarðar hafa áhrif á rennsli fallvatna og geta haft verulega neikvæð áhrif í formi landbrots árbakka í annarra landi, ekki síst í flóðum.

7.16 Skógræktar og landgræðslusvæði SL

Almennir skilmálar

Á eftir fyrstu setningu í annarri málsgrein komi ný setning: *Í þeim tilvikum þar sem skógræktaráætlun eða áform framkvæmdaaðila gerir ráð fyrir einhvers konar jarðvinnslu fyrir gróðursetningu og notkun framandi ágengra tegunda skal framkvæmdin vera háð matsáætlun vegna umhverfisáhrifa*.

Stafafura er mikið notuð í skógrækt á Íslandi en getur verið verulega ágeng. Sveitarfélagið Hornafjörður hyggst banna notkun hennar. VÍN hvetur Norðurþing til hins sama.

Í fjórðu málsgrein leggur VÍN til að bætt verði nýrri setningu með vísan til nýrrar stefnu umhverfis, orku- og loftslagsráðuneytis um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. *Skógrækt er ekki heimil á landi með ríkri líffræðilegri fjölbreytni að mati Náttúrufræðistofnunar og Náttúruverndarstofnunar*. Í stað síðustu setningar í þessari málsgrein komi: *Ný skógræktarsvæði eru ekki heimil á búsvæðum ábyrgðartegundum fugla sem njóta lagalegrar verndar. Hlíta skal fyrirmælum*

*Náttúrufræðistofnunar þar að lútandi. Mikilvægt er að tryggja vandaða gagnaöflun um fuglalíf og aðra umhverfispætti til að hægt sé að fylgja eftir þeim skilmálum sem eru í aðalskipulaginu t.d. við að heimila ekki ræktun erlendra ágengra tegunda. Í sjöttu málsgrein um skipulag skógræktar er afar brýnt að setja skýrt fjarlægðar ákvæði, að lágmarki 150 m, um að ekki er heimilt að gróðursetja framandi ágengar tegundir eins og stafafuru nær verndarsvæðum og helgunarsvæðum. Rannsóknir Pawels Wasowicz og frumniðurstöður Árna Valdasonar sýna að stafafuran sækir, hér á landi eins og alls staðar á norðurhveli jarðar, mjög fljótt út fyrir leyfð skógarmörk og hylur aðliggjandi svæði og gjörbreytir gróðurfari, vistgerðum og kaffærir slóða, fornminjar, jarðmyndanir og margt fleira. Af því leiðir að setja verður inn skýr ákvæði um að framkvæmdaaðili beri alla ábyrgð og kostnað af sjálfsánum plöntum sem munu sækja út fyrir leyfð skógarmörk eins og dæmin sanna um allt land. VÍN leggur til að hér komi viðbótarsetning sem kveður á um hvernig, hvenær og hver kosti eftirlit og aðgerðir til að uppræta sjálfsánar plöntur sem munu berast frá til dæmis nytjaskógrækt út fyrir skógarmörk. Setningin verði eftirfarandi: *Framkvæmdaaðili skógræktar ber ábyrgð á að fjarlægja allar trjáplöntur tafarlaust er sá sér út fyrir samþykkt skógarmörk og ber allan kostnað af vöktun og framkvæmd upprætingarinnar.**

Stafafuran er víða að breiðast út frá ræktuðum barrskógum hér á landi, en óvída eða hvergi er komið í veg fyrir útbreiðslu hennar með til dæmis upprætingu trjáa út frá ræktunarsvæðum. Það er hins vegar nauðsynlegt og sjálfsögð krafa fyrir hverja framkvæmd að sá sem framkvæmir beri alla ábyrgð á afleiðingum framkvæmdarinnar. En það er á ábyrgð sveitarstjórna að tryggja að svo verði og veita ekki fleiri framkvæmdaleyfi fyrir notkun framandi ágengra tegunda í nytjaskógrækt, né í neinum öðrum tilgangi.

Land og skógur veitir árlega styrki til Bændaskógræktar og einnig til fleiri smærri skógræktarverkefna í sveitarfélaginu eins og t.d. til verkefnisins Vorviðar. Brýnt er að sveitarstjórn greini Landi og skógi frá því að óskað sé eftir því að í þessum verkefnum verði ekki gróðursettar framandi, ágengar tegundir eins og t.d. stafafura. Hún sáir sér iðulega í ríkt mólendi og því fylgir skerðing á líffræðilegri fjölbreytni eins og fjölmörg dæmi um allt land sanna. Það er þvert á stefnu stjórnvalda um verndun líffræðilegrar fjölbreytni.

Brýnt er að breidd skjólbelta verði skilgreind. Annars er sú hætta fyrir hendi að þau verði óheyrilega breið t.d. á góðu ræktarlandi. Þar ættu þau aldrei að vera breiðari en 5 m.



Stafafuran leggst yfir fornar leiðir, stíga og brunavarnarleiðir. Framkvæmdaaðilar í skógrækt axla yfirleitt ekki ábyrgð á að fjarlægja sjálfsáðar framandi ágengar tegundir. Ljósmynd. Tómas Grétar Gunnarsson.

Í lok níundu málsgreinar segir: „Viðhalda skal skógrækt með áherslu á gildi skóglendis til útivistar, skjóls og landbóta“. Lagt er til að setningin verði: Ábyrgðaraðilar skóglenda sjái til þess að barr- og asparskógur dreifi sér ekki út fyrir skógarmörk og leggi áherslu á gildi skógarins til útivistar, skjóls og verndar líffræðilegrar fjölbreytni og fuglalífs. Framkvæmdaaðili þarf að leggja fram ítarlega áætlun um framkvæmd vöktunar og hvernig hann hyggst fjarlægja sjálfsáðar trjáplöntur og rótarskot frá friðuðum áhrifasvæðum.

Í tíundu málsgrein er bent á að það sé ekki nóg að skoða fyrirliggjandi upplýsingar. VÍN leggur til að setningin verði: Við deiliskipulagsgerð og áætlanagerð um skógrækt ber framkvæmdaaðila að virða fyrirliggjandi upplýsingar um skráðar fornleifar og eyðibýli og meta áhrif skipulags og framkvæmda á þær minjar. Framkvæmdaaðilar skulu gæta þess að gróðursetja ekki framandi ágengar tegundir nær fornminjum en lagt er til í umsögninni um sjöttu málsgrein hér að ofan.

VÍN leggur til að síðustu setningunni í þessum undirkafla rétt efst á blaðsíðu 107 verði breytt og verði eftirfarandi: Ábyrgðar- og framkvæmdaaðilum skóga er skylt að sjá til þess að skógrækt þeirra byrgi ekki sýn frá ferðaleiðum til fossa, fjalla eða annarra verðmætra náttúruvirkibæra og tryggja að framandi ágengar tegundir sem sá sér út og gætu skaðað útsýnið verði tafarlaust fjarlægðar á þeirra kostnað.

Sérskilmálar

Í seinni hluta töflunnar frá og með SL 18 Aðaldalshraun til og með SL 20 Snartarstaðagirðing, er misvísandi að segja í dalkinum SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI að tilgreind svæði séu friðuð. Hið

rétta er að þau er friðuð fyrir búfjárbætur, en um aðra friðlýsingu er ekki að ræða. Það þarf því að bæta við í öllum tilvikum frá og með SL 18, orðunum *fyrir búfjárbætur*.

Varðandi SL 23 og 24 er rangt að segja í dálkinum *LÝSING* að: „... úr landi jarða niður í sandi ...“. Hið rétta er að landgræðslusvæðin eru úr jörðum niður á Sandi ... Þær voru einu sinni sandi orpnar en ekki lengur, en landsvæðið er nefnt Sandur.

7.21 Vötn, ár og sjór V

Almennir skilmálar

Bent er á að það vekur furðu að ekki sé fjallað um vatnshlot hér í þessum kafla samanber [lög um stjórn vatnamála \(26/211\)](#), þar sem miklar skyldur eru lagðar á herðar sveitarfélaga. Ár, vötn og sjór er óumdeilanlega órjúfandi þáttur í náttúru Íslands.

Hvað varðar síðustu setninguna í þessum undirkafla er ítrekuð fyrri ábending um hversu fráleitt það sé að hinir og þessir landeigendur geti að vild og eigin geðþótta sett varnargarða og fyrirhleðslur til varnar landbroti. Setningin verði því: *Heimilt er að gera bakkavarnir til varnar landbroti eða sjávarrofi að fenginni umsögn Lands og skógar*.

KAFLI 8 – TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

8.4 Minjavernd MV

Sérskilmálar

Rík ástæða er til að benda á að á landi þverár í Reykjavhverfi eru afar merkar fornminjar, bæði löggjarðar frá Þjóðveldisöld og rústir eyðibýla. Í skógræktarframkvæmdum Yggdrasils Carbon sumarið 2024 voru gróðursettar framandi ágengar tegundir, sérstaklega stafafura, alltof nálægt þessum einstöku minjum. Hætt er við að enginn telji sig bera ábyrgð á að vernda þessar minjar þegar stafafuran kaffærir þær á komandi árum. Skipulagsstofnun úrskurðaði að framkvæmdin færi í mat í umhverfisáhrifum, eftir að gróðursetning fór fram.

KAFLI 9 – NIÐURSTAÐA MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM

9.3 Niðurstaða matsvinnu

Stjórn VÍN gerir verulegar athugasemdir við nokkur atriði í töflu 3 – *Samantekt á umhverfisáhrifum þeirrar stefnu aðalskipulags, sem var tekin til mats*.

- Skógrækt á landbúnaðarsvæðum – í öllum meginatriðum hefur nytjaskógrækt verulega neikvæð áhrif á gróður, vistkerfi og dýralíf sérstaklega fuglalíf. Getur haft neikvæð áhrif á vatnsgæði samkvæmt mörgum rannsóknum og neikvæð áhrif á menningarminjar.
- Sama er að segja um stefnu um skógrækt, hún getur einnig leitt til verulegra neikvæðra áhrifa á samfélag samanber viðbrögð samfélagsins við óbilgjarnri jarðvinnslu til skógræktar í Saltvík.
- Stjórn VÍN mótmælir harðlega að þessir tveir vindorkunýtingarkostir Hnotasteinn og Reyðarárgarður hafi bara jákvæð áhrif á samfélag. Skoðanir í samfélaginu eru gríðarlega skiptar og það verður aldrei sátt um staðsetningu þeirra né orkuvinnslu.
- Sama gildir um stakar vindmyllur, nema að þær geta í einhverjum tilvikum átt rétt á sér, en munu óhjákvæmilega skapa mikið ósætti í samfélaginu. Sveitarstjórn ber að hafa í huga samlegðaráhrif verði margar stakar vindmyllur reistar. Ljóst er að áhrif af slíku geta orðið neikvæð fyrir marga umhverfisþætti.

SAMANTEKT

Lyngheiðar í Norðurþingi: Eru fágætar á landsvísu og jafnvel á heimsvísu. Með tilliti til verðmætra vistgerða, líffræðilegrar fjölbreytni, verndunar fuglalífs, fornminja, jarðminja o.fl. ber sveitarfélaginu að virða þessa staðreynd. Í greinargerð aðalskipulags sveitarfélagsins og fylgiriti um flokkun landbúnaðarlands skortir verulega á að nægjanlegt tillit sé tekið til þessa þátta og virðing borin fyrir þessari ómetanlegu auðlind.

Nytjaskógrækt: Brýnt er að kveða miklu skýrar á um skyldur og ábyrgð þeirra sem eru að gróðursetja nytjaskóga í sveitarfélaginu. Yfirleitt eru notaðar tegundir eins og sitkagreni, stafafura, alaskaösp og rússalerki í þessari nytjaskógrækt og í flestum tilvikum, nema þar sem lerki er gróðursett, á landi með mikilli líffræðilegri fjölbreytni. Þær eru allar framandi tegundir og tvær fyrst nefndu eru ýmist talsvert eða mikið ágengar.

Framkvæmdaheimild: Þetta er nýtt hugtak sem ekki er að finna í skipulagslögum. Stjórn VÍN fer þess eindregið á leit að þetta hugtak, sem á sér enga lagastoð, verði fjarlægt úr aðalskipulagi Norðurþings.

Umsagnir fagaðila: Afar mikils er um vert að sveitarstjórn Norðurþings leiti umsagnar frá fagstofnunum, eins og Náttúrufræðistofnun, Náttúruverndarstofnun, Náttúrustofu Norðausturlands og Minjastofnun Íslands um gróðurfar, vistgerðir, líffræðilega fjölbreytni, fuglalíf, fornminjar, jarðminjar og vatnshlot þar sem það á við hlutaðeigandi skógræktarsvæði áður en framkvæmdaleyfi eru veitt. Land og skógur er ekki með í upptalningu stofnana hér að ofan til að veita umsagnir í þessum tilvikum þar sem sú stofnun hefur í mörgum tilvikum hannað þessar gróðursetningar og kostað þær oft að verulegu leiti.

Stöðvun framkvæmda: Af gefnu tilefni þarf að setja ákvæði í aðalskipulag til hvaða aðgerða sveitarstjórn hyggst grípa til þegar skógræktarbændur og fyrirtæki fara af stað með umfangsmiklar gróðursetningar, jarðvinnslu og vegagerð, langt umfram ákvæði í aðalskipulagi, án nokkurra tilskilinna leyfa.

Nytjaskógrækt: Stjórn VÍN andmælir umfangsmikilli barrskógrækt í líffræðilega ríku mólendi sveitarfélagsins. Skógarbotn í stafafuru- og greniskógi verður nær gróðurvana með litla fjölbreytni. Slík skógrækt eyðileggur náttúruleg vistkerfi og skaðar líffræðilega fjölbreytni.

Líffræðileg fjölbreytni: Þann 6. janúar síðastliðinn var ný stefna stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni gefin út, sem aðalskipulagið verður að taka tillit til. Alveg sérstaklega þegar verið er að ráðstafa landi og við útgáfu framkvæmdaleyfa til skógræktar sem oftast er ekki mikil ógnun við líffræðilega fjölbreytni. Brýnt er að sveitarstjórn Norðurþings virði skuldbindingar Íslands samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (CBD) og Global Biodiversity Framework (GBF).

Ábyrgð: Krafist er skýrra ákvæða um hver beri ábyrgð á eftirliti og fjarlægingu framandi ágengra tegunda sem breiðast út fyrir ákveðin skógarmörk. Núverandi orðalag í aðalskipulaginu til varnaðar er ýmist ekki til staðar eða of veikt.

Víðerni: VÍN skorar á sveitarstjórn að friðlýsa víðerni sem víðast í sveitarfélaginu, samkvæmt heimild í náttúruverndarlögum.

Vindorka: VÍN telur nýting vindorku í Norðurþingi ósamrýmanleg einstakri náttúru sveitarfélagsins.

Loftslagsaðgerðir: VÍN leggur áherslu á að loftslagsaðgerðir með skógrækt til að draga úr gróðurhúsalofttegundum í andrúmslofti megi ekki ganga þvert á alþjóðlega samninga um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Notkun framandi ágengra tegunda er ógn við líffræðilega fjölbreytni.

Notkun stafafuru: Stafafura er mikið notuð í skógrækt á Íslandi en getur verið verulega ágeng. Sveitarfélagið Hornafjörður hyggst banna notkun hennar. VÍN hvetur Norðurþing til hins sama.

Virðingarfyllst,
F.h. stjórnar Vínar íslenskrar náttúru,



Sveinn Runólfsson, formaður.

Viðhengi:

Athugasemdir við fylgiritið **Norðurþing – Flokkun landbúnaðarlands 2024.**